



HAFNARFJÖRÐUR

2102367 – Áhrif fólksfækkunar á tekjur sveitarfélagsins

Lögð fram fyrirspurn frá fulltrúa Samfylkingarinnar frá 11. febrúar 2021

Skv. samantekt Þjóðskrár Íslands fækkaði íbúum Hafnarfjarðarkaupstaðar um 107 á tveggja mánaða tímabili, frá 1. desember 2020 til 1. febrúar 2021. Þessi fækkun kemur til viðbótar þeirri íbúafækkun sem varð á milli ára, frá 1. desember 2019 til 1. desember 2020 sem var um 300 manns. Samtals hefur íbúum sveitarfélagsins því fækkað um rúmlega 400 á 14 mánuðum. Þetta samsvarar því að fækkað hafi að meðaltali um tæplega 30 íbúa á mánuði frá 1. desember 2019 eða nálægt einum íbúa á dag.

Samkvæmt Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 kemur fram að árleg fjölgun íbúa í Hafnarfirði á tímabilinu 2001-2013 hafi verið að meðaltali um 2,5% og gert ráð fyrir í mannfjöldaspá að hún geti verið á bilinu 1,6%-3,5%. Það er ljóst að um algjöran forsendubrest er að ræða sem hefur áhrif á tekjur sveitarfélagsins.

Í ljósi þessa óskar fulltrúi Samfylkingarinnar eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

Hver er áætluð lækkun á útsvarstekjum sveitarfélagsins sl. 14 mánuði í kjölfar fólksfækkunar?

Hvert er áætlað tekjutap sveitarfélagsins vegna fólksfækkunar sl. 14 mánuða?

Hvert er áætlað tekjutap sveitarfélagsins á árinu 2021 a) m.v. óbreytt ástand og b) ef áfram verður sambærileg fólksfækkun á þessu ári?

Hver hefði hækkun á útsvarstekjum sveitarfélagsins verið fyrir árið 2020 ef fjölgun íbúa hefði verið skv. meðaltali mannfjöldaspár Aðalskipulags Hafnarfjarðar, eða 2,5%?

Adda María Jóhannsdóttir

Svar við fyrirspurn:

1. Áhrif til lækkunar á útsvarstekjum vegna fólksfækkunar sl. 14 mánuði eru tæpar 60 milljónir króna. Á tímabilinu voru um 75 brottfluttir umfram aðflutta í Hafnarfirði. Aðra fólksfækkun má rekja til andláta á tímabilinu. Meðaltekjur þeirra íbúa sem eru í þýði yfir þá sem látist hafa er u.þ.b. 50% af meðalútsvarstekjum heildarþýðis sveitarfélagsins.
2. Ekki er um annað tekjutap að ræða en þær tekjur sem tengjast kostnaði við veitta þjónustu og í mörgum tilfellum er sú þjónusta greidd niður af bænum.
3. a) Sé gert ráð fyrir því að fólksfjöldi verði óbreyttur út árið 2021 má áætla að áhrif á útsvarstekjur til lækkunar væru um 70 milljónir króna á 2021. b) Sé gert ráð fyrir að sambærileg fólksfækkun myndi halda áfram út árið 2021 má áætla að áhrif á útsvarstekjur til lækkunar væri um 42 milljónir króna til viðbótar.
4. Áætluð áhrif til hækkunar útsvarstekna ef fólksfjölgun hefði verið 2,5% er um 239 milljónir króna sé miðað við meðalútsvarstekjur per íbúa í sveitarfélaginu.